



Tölvuteikning/Tark arkitektar/Birt með leyfi

**Mikið útsýni** Hér má sjá hvernig útsýnið verður frá svítunni Esjunni í norðvesturhluta turnansins.



Tölvuteikning/Tark arkitektar/Birt með leyfi

**Horft yfir borgina** Hótelið er þannig hannað að í hverju herbergi er rúmið haft á miðju gólfinu.

# Opna lúxushótel á 20. hæð

- Fjárfestar hafa leigt efstu hæðina á Höfðatorgsturninum og eru að breyta henni í glæsihótel
- Hótelið verður opnað í sumar ● Jóhannes í Múlakaffi segir verkefnið einstakt á heimsvísu

## BAKSVIÐ

**Baldur Arnarson**  
baldura@mbl.is



Fjárfestar undirbúa opnun lúxushótelis á 20. og efstu hæðinni í turninum á Höfðatorgi í Reykjavík. Það mun heita Tower Suites Reykjavík og er stefnt að opnun í byrjun júní.

Sami hópur er að baki verkefninu og rekur Keiluhöllina. Hann er samsettur af Múlakaffisfjölskyldunni, með Jóhannes Stefánsson, eiganda Múlakaffis, í broddi fylkingar, og af Jóhannesi Ásbjörnssyni og Sigmari Vilhjálmssyni, stofnendum Hamborgarafabrickunnar, og Snorra Marteinssyni, starfandi framkvæmdastjóra fabrickunnar.

Tuttugasta og efsta hæðin er rúmlega 800 fermetrar. Þar er verið að innrétta átta svitur, fjórar hornsvitur og fjórar minni á milli þeirra. Svíturarnar eru 44-65 fermetrar.

Á miðri hæðinni er lyftugangur og fyrir framan hann verður setustofa þar sem boðið verður upp á morgunverð, áfenga drykki og léttar veitingar. Teikning af setustofunni er sýnd hér á síðunni. Móttaka verður á hæðinni.

### Hefur hvergi séð svona útsýni

Jóhannes Stefánsson, eigandi Múlakaffis, segir þetta einstakt húsnæði fyrir lúxushótel í Reykjavík.

„Þetta er einstakt að því leyti að þetta er síðasta húsið sem verður byggt svona hátt. Það er enda komið bann á fleiri háhýsi í Reykjavík.“

Ég er búinn að fara víða um heim, hef ferðast víða og gíst á hótélum. Ég hef hvergi komið á hótél þar sem hægt er að vera með heila svona hæð með 360 gráðu útsýni. Öll herbergin nema eitt munu hafa frístandandi baðkar. Frá hverju baðherbergi verður útsýni yfir borgina, eða yfir fjöllin. Það er líka einstakt. Við erum að ræða um fimm stjörnu gistingu,“ segir Jóhannes.

Hann segir hótelið verða í sama gæðaflokki og gistinguna sem hann

rekur í Úthlíð í Biskupstungum. „Við erum að stíla á lúxus. Þetta er sami markhópurinn.“

Spurður hvernig hann ætli að sækja viðskiptavini segir Jóhannes að ferðaskrifstofur og kunnarnir sjálfir muni getað pantað gistingu. Hótelið verði auðfunduð á netinu.

Nafni hans, Jóhannes Ásbjörnsson, segir þá félagar hafa leitað til Ásgeirs Ásgeirssonar hjá Tark arkitektum um hönnun hótelsins.

„Ásgeir negldi þetta í okkar huga í fyrstu atrennu. Við hefðum getað hólfað hæðina niður í fleiri og minni rými. Eftir að hafa velt því fyrir okkur fram og til baka töldum við að hæðin yrði best nýtt þannig að hvert herbergi væri rúmlegt. Okkar sýn er að svíturarnar séu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði miðað við aðra gistingu í svipuðum flokki.“

### Útsýnið er sölupunktur

Jóhannes segir boltann hafa farið að rúlla snemma í haust. Verkefnið eigi sér því ekki langan aðdraganda.

Hann segir starfsmenn hótelsins munu kynna það fyrir gestum sem fyrir augu ber frá 20. hæðinni. Hvert herbergi muni heita eftir fjalli á fjallahringnum. Meðal þeirra verði Vífilfell, Akrafjall, Hengill, Keilir, Esjan og Snæfellsjökull. Hægt verði að tengja herbergin með því að opna á milli þeirra. Þannig geti gestir leigt fleiri en eitt herbergi og jafnvel alla hæðina ef svo ber undir.

Hann segir aðspurður að svíturarnar verði verðlagðar á 150-250 þúsund krónur nóttin, eftir stærð.

### Hótelþjónn fyrir gesti

Tveir starfsmenn verða með fasta viðveru á hótelinu allan sólarhringinn. Annar sem starfsmaður í mótöku en hinn sem concierge, eða hótelþjónn, fyrir gesti. Tekið er á móti gestum í bílakjallaranum.

Jóhannes segir það koma sér vel að nafni hans Jóhannes í Múlakaffi geti gengið að þjónum og barþjónum sem geta mætt eftir álagi á hótelinu hverju sinni.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Viðskiptafélagar** Jóhannes Stefánsson, kenndur við Múlakaffi, og Jói í Hamborgarafabrickunni (til hægri).



**Horft til vesturs** Frá 20. hæðinni í turninum er horft niður á Fosshótelsturninn við hliðina.



Tölvuteikning/Tark arkitektar/Birt með leyfi

**Setustofa** Hér munu gestir geta snætt morgunverð og tekið lífinu með ró með kokteil í hendi.

## Bodyflex Strong

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Innheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.

**VIHERSIMPUKKA-KAPSELI**

Grobblagð mottokapösl

[www.birkiaska.is](http://www.birkiaska.is)